

✉ Re: Umsagnar beiðni - Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlunar Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 22.1.2021 13:02:26 |
| Höfundur | Porkell Lindberg Þórarinsson |
| Sent | 22.1.2021 13:02:24 |
| Tilheyrir |  202101-0035 - Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlunar Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði |

Efni

Re: Umsagnar beiðni - Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlunar Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði

Upplýsingar

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 22.1.2021 13:02:24 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Vinnsla

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Porkell Lindberg Þórarinsson - NI (Thorkell.L.Thorarinsson@ni.is) |
| Til | Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is, skipulag@skipulag.is |

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202101-0035 (PLÞ, KHS)

Vísað er í tölvupóst dags 8. janúar 2021 þar sem óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingar á fiskeldissvæðum í Berufirði og hvort og þá á hvaða forsendum sú framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka nr. 106/2000.

Í tilkynningu Fiskeldis Austfjarða frá 20. desember 2020, sem fylgdi tölvupóstinum, er a mati Náttúrufræðistofnunar nægjanlega góð grein gerð fyrir framkvæmdinni og eins tilteknum ólfrænum þáttum í umhverfi hennar. Hins vegar vantar talsvert upp á að nægjanlega góð grein sé gerð fyrir lífrænum umhverfisþáttum. Minnst er á botndýrlíf og laxfiska í ám en nánast ekkert fjallað um fjörur. Þá er ekkert minnst á fugla, né minnst á að í Berufirði sé alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, sjá https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf).

Berufjarðarströnd, þ.e. ytri hluti strandlengjunnar við utanverðan Berufjörð - fjara og grunnsævi - frá Piljuvallabót innan við Berunes og út að Streitishvarfi er alþjóðlega mikilvægur vetrardvalarstaður straumanda, <https://www.ni.is/node/16124> (<https://www.ni.is/node/16124>). Eins er Berufjörður einn fárra vetrardvalastaða duggandar hér á landi, sjá <https://www.ni.is/node/27133> (<https://www.ni.is/node/27133>) og annar helsti vetrardvalarstaður flórgoða hér á landi, <https://www.ni.is/node/27142> (<https://www.ni.is/node/27142>). Flórgoðar halda m.a. til við Gautavík en þangað er ætlunin að flytja fiskeldið.

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum fiskeldis í Berufirði og Fáskrúðsfirði benti Náttúrufræðistofnun á að í frummatsskýrslu væru mjög almennar upplýsingar um fuglalíf á svæðinu og þær væru ekki settar fram í samhengi við staðsetningu fyrirhugaðra kvía eða lífríki fjarðanna. Eins var bent á nauðsyn þess að skoða fuglalíf sérstaklega með áherslu á þau svæði sem ætlunin vær að setja niður kvíar, sjá bls 24 í álitni Skipulagsstofnunar, sjá <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1310/201601074.pdf> (<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1310/201601074.pdf>). Það var niðurstaða Skipulagsstofnunar (bls 26 í framangreindu álitni) að óvissa væri um „*heildaráhrif fiskeldisins á fugla í fjörðunum sem og á einstakar fuglategundir. Meðal óvissuþátta er möguleg fjölgun máva í nágrenni sjókvía og áhrif þeirrar fjölgunar á aðrar fuglategundir eins og æðarfugl. Að sama skapi er uppi óvissa um hvort fiskeldið muni hrekja fugla frá búsvæðum og hvaða þýðingu það hefur fyrir fuglalíf í fjörðunum. Stofnunin telur það gefa tilefni til að í starfsleyfi verði sett skilyrði um vöktun á fuglalífi í nágrenni eldissvæða.*“ Í starfsleyfi Umhverfisstofnunar eru sett þau skilyrði að rekstraraðili skuli vakta helstu umhverfisþætti í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemi veldur og gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir og skal slík áætlun m.a. ná til fuglalífs, sjá <https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Fiskeldi/Starfsleyfi%20Fiskeldis%20Austfjar%C3%B0a%20ehf.%20Berufir%C3%B0i.pdf> (<https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Fiskeldi/Starfsleyfi%20Fiskeldis%20Austfjar%C3%B0a%20ehf.%20Berufir%C3%B0i.pdf>). Í fljótu bragði verður ekki séð að slík vöktunarætlun liggja fyrir, sjá <https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/eldi-sjavar-og-ferskvatnslifvera/fiskeldi-austfj.-berufirdi/> (<https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/eldi-sjavar-og-ferskvatnslifvera/fiskeldi-austfj.-berufirdi/>).

Í tilkynningu Fiskeldis Austfjarða frá 20. desember er ekki fjallað berum orðum um mótvægisáðgerðir og varla minnst á vöktun.

Í ljósi þess að um er að ræða starfsemi á alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði og eins að í upphaflegri matsskýrslu var umjöfllun um áhrif á fugla verulega áfátt er það mat Náttúrufræðistofnunar að meta skuli umhverfisáhrif breytinga á fiskeldissvæðum í Berufirði.

Virðingarfyllst,

Porkell Lindberg Þórarinsson

Porkell Lindberg Þórarinsson

Forstjóri/Director General

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tel: 590 0500

Email: thorkell.l.thorarinsson@ni.is (mailto:thorkell.l.thorarinsson@ni.is)



From: "Jón Smári Jónsson - SLS" <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
To: "mulathing@mulathing.is" <mulathing@mulathing.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "mast@mast.is" <mast@mast.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>
CC: "Guðni Magnús Eiríksson - FISK" <Gudni.M.Eiriksson@fiskistofa.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Sverrir Aðalsteinn Jónsson" <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Subject: Umsagnar beiðni - Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlunar Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði
Date: 8.1.2021 13:06:05

Heil og sæl,

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Meðfylgjandi er greinargerð tilkynningar um fyrirhugaða breytingu á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði.

Tilkynningin verður aðeins send út rafrænt. Umsagnarfrestur er til 25. janúar 2021. Óskað er að umsögn verði einnig send á tölvupóstföngin jon.smari.jonsson@skipulag.is (<mailto:jon.smari.jonsson@skipulag.is>) og skipulag@skipulag.is (<mailto:skipulag@skipulag.is>)

Bestu kveðjur,

Jón Smári Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)